




ÁBATI VIÐSKIPTAVINA ORKUVEITU REYKJAVÍKUR
AF LÆKKUÐU RAUNVERÐI ORKU FRÁ JANÚAR 1999 TIL FEBRÚAR 2009



Tveir milljarðar á ári í tíu ár

Ábati viðskiptavina Orkuveitu Reykjavíkur vegna lækkaðs raunverðs á orku

Raunlækkun á orkuverði til almennra viðskiptavina Orkuveitu Reykjavíkur síðasta áratuginn hefur fært þeim 20 milljarða króna búbót. Þennan ávinning má að langmestu leyti rekja til hagkvæmni þess að framleiða rafmagn í stórum stíl fyrir stóriðju og almennan markað og heitt vatn til húshitunar í einni og sömu virkjuninni. Aukin hagkvæmni með samrekstri dreifikerfa á þar vitaskuld einnig þátt.

Verð á rafmagni á almennum markaði og heitu vatni hefur lækkað mjög að raungildi síðasta áratuginn hjá viðskiptavinum Orkuveitu Reykjavíkur. Frá ársbyrjun 1999, þegar Orkuveitan tók til starfa, kostaði kílóvattstundin af rafmagni 10 krónur og 69 auru að núvirði. Hún kostar 7,35 krónur í dag. Lækkunin nemur 31%. Þessi þróun hefur verið nokkuð stöðug síðasta áratuginn og uppsafnaður sparnaður neytenda vegna þessa nemur nú um 16,5 milljörðum króna.

Raunverð á heitu vatni til húshitunar hefur líka lækkað verulega. Í ársbyrjun 1999 kostaði tonnið af heitu vatni 92,50 krónur að núvirði. Verðið í dag er hinsvegar 71,56 krónur. Lækkunin nemur 23% og uppsafnaður sparnaður heimila og fyrirtækja vegna þessa tæpir fjórir milljarðar króna. Hér er einungis verið að miða við notendaverð á höfuðborgarsvæðinu. Verðlækkun hjá almennum hitaveitum, sem Orkuveita Reykjavíkur rekur utan höfuðborgarsvæðisins, hefur í mörgum tilfellum verið talsvert meiri.


Í umræðum síðustu mánaða og missera um arðsemi raforkusölu til stóriðju hefur ýmsum aðferðum verið beitt til að áætla hana. Ekki er vitað til þess að þessum ávinningi almennings með lækkuðu orkuverði hafi verið haldið til haga í þeim útreikningum. Þá er því stundum haldið fram, að almennir raforkunotendur væru að niðurgreiða raforkuverð til stóriðjunnar. Það er fjarri sanni, eins og þessar upplýsingar um raunlækkun orkuverðs til almennings frá stofnun Orkuveitu Reykjavíkur gefa til kynna.

Útreikningurinn er byggður á seldu rafmagni frá Orkuveitu Reykjavíkur á almennan markað og sölu á heitu vatni á tímabilinu 1. janúar 1999 til 28. febrúar. 2009. Miðað er við verðskrá hvers mánaðar og þróun raunverðs reiknuð með tilliti til vístölu neysliverðs. Mismunur hvers mánaðar er færður til núvirðis.

Ánægjuvogin


Orkuveita Reykjavíkur hefur tekið þátt í könnun á ánægju viðskiptavina sinna allt frá árinu 2002 með þátttöku sinni í Ánægjuvoginni sem framkvæmd er af Capacent Gallup í samstarfi við Samtök Iðnaðarins, EPSI og Stjórnvísí. Markmiðið með Ánægjuvoginni er að mæla ímynd, væntingar viðskiptavina, mat á vörugæðum og þjónustugæðum, mat á verðmæti og útfrá því ánægju viðskiptavina og tryggð. Hér fyrir neðan eru helstu niðurstöður Ánægjuvogarinnar 2008.

Próun



Orkuveita Reykjavíkur er með 64,6 stig árið 2008 og er það hækkun úr 63,4 stigum frá fyrra ári. Raforkumarkaðurinn almennt lækkaði á milli ára úr 64,2 stigum í 61,2 stig. Myndin hér fyrir neðan sýnir svo hvernig einstakir þættir höfðu áhrif á ánægju viðskiptavina.

Grunnlíkan Íslenskrar/Evrópskar ánægjuvogar – Orkuveita Reykjavíkur



Varðandi einstaka þætti má nefna að tryggð viðskiptavina OR jókst úr 66,1 stigi í 67,5 stig á milli ára og er yfir raforkumarkaðnum almennt sem er 64,6 stig. Ánægja með fyrirtækið er sá þáttur sem hefur mest áhrif á tryggð. Ímynd var stærsti beini áhrifaþátturinn á ánægju viðskiptavina en á þeim þætti styrkist Orkuveitan í samanburði við aðra á milli ára.

Fjölþætt samstarf Kópavogs og OR innsiglað

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, og Hjörleifur B. Kvaran, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, hafa gengið frá samkomulagi um samstarf við sameiginlegar framkvæmdir, götulýsingu og rafmagnskaup fyrir stofnanir sveitarfélagsins af Orkuveitunni. Með samningunum er komið á samræmdu verklagi sem tryggja á að við nýlagnir og viðhald verði rask sem minnst og vari sem skemmst.



Íbúar njóta góðs af



Hér er um mikið framfaraspur að ræða þar sem ekki þarf í hverju verki fyrir sig að semja um mörg atriði frá grunni. Þetta mun því spara tíma beggja og njóta íbúar góðs af samstarfinu með því að sá tími sem rask stendur yfir verður skemmri og upplýsingar aðgengilegri. Kópavogsskaupstaður er fjórða sveitarfélagið sem Orkuveita Reykjavíkur semur við um samræmt verklag og samskipti í tengslum við framkvæmdir.

Samkomulagið nær til samstarfs og upplýsingagjafar vegna verkefna á skipulags- og áætlanastigi sem og hönnunar- og framkvæmdastigi. Tekið er á mállefnum eins og vali sameiginlegs umsýslumanns framkvæmda, kostnaðarskiptingu og meðferð útboða, val á ráðgjöfum, kostnaðarskiptingu vegna færslu eldri lagna og fleira.

Raforkukaup og samstarf um vatnsvernd

Um leið og skrifað var undir samstarfssamninginn var undirritaður samningur um raforkukaup Kópavogs af Orkuveitu Reykjavíkur ásamt samkomulagi um viðhald og eftirlit OR með götulýsingu í bænum. Þá tekur Orkuveita Reykjavíkur að sér eftirlit og vöktun með vatnsverndarsvæði Kópavogs í Heiðmörk. Þar taka báðir aðilar vatn fyrir vatnsveitur sínar og er því gagnkvæmt hagræði af þessu samstarfi.

Verðsammanburður í raforku



Fjöldi umsókna um sumarstörf



Orkuveita Reykjavíkur ræður að vanda fjölda skólanema til sumarstarfa. Samkvæmt ákvörðun stjórnar Orkuveitunnar er stefnt að því að fjöldi sumarfólks í sumar verði svipaður og í fyrra eða 200 manns, en þá skiptust sumarstörfin nákvæmlega jafnt á milli kynja. Lögð er áhersla á að kynjahlutfall sé sem jafnast.

Umsóknir um sumarstörf eru 1.254. Þar er sótt um þau margvíslegu störf sem eru í boði hjá Orkuveitunni. Sumarstörf Orkuveitunnar spanna allt frá því að vera garðyrkjustörf á starfsvæðinu og umhverfisverkefni til ýmissa starfa er henta háskólafólki með sérmenntun.

Á Hellisheiði er t.d. unnið að fjölbreytilegum umhverfisbótum, uppgræðslu og lagfæringum á ummerkjum um athafnasemi manna fyrir daga Orkuveitunnar þar sem umgengni var ekki í samræmi við kröfur og viðhorf nútímans. Þá starfa iðnnemar með reyndum iðnaðarmönnum fyrirtækisins og verkamenn í afleysingum.

Háskólanemarnir starfa á hinum ýmsu sviðum fyrirtækisins við afleysingar eða sjálfstæð verkefni.

Orkan mín

Nú er hægt að fara inn á heimasíðu Orkuveitunnar, www.or.is og skrá sig inn á Orkuna mína. Á þessum nýja vef er hægt að skoða notkun sína á rafmagni og heitu vatni auk yfirlits yfir reikninga sína undanfarin ár. Hægt er á einfaldan og myndrænan hátt að sjá hvernig orkunotkun á heimilinu hefur þróast og bera hana saman við meðalnotkun sambærilegra heimila á Íslandi.



Hægt er að setja upp lista með þeim rafmagnstækjum sem eru á heimilinu og sjá hversu mikið rafmagn hvert og eitt tæki notar.

Á Orkunni minni er hægt að fá góð ráð um orkusparnað og nálgast eyðublöð vegna samskipta við Orkuveituna.

Allir sem nota Orkuna mína geta nýtt sér ávísun á íslenska orku og fengið með henni veglegan afslátt af vörum og þjónustu hjá samstarfsaðilum okkar. Í fyrstu verða tilboð hjá Sindra og Jóhanni Ólafssyni & Co. ehf. auk afsláttar í sund hjá Sundlaugum ÍTR.

Til að komast inn á Orkuna mína er farið inn á www.or.is og valinn flipinn „Orkan mín“ uppi í hægra horninu.

Með þessari nýju þjónustu vill Orkuveitan einfalda og efla samskipti sín við viðskiptavinina sína og hjálpa þeim um leið að fræðast betur um nýtingu orkunnar á sínu heimili.



Vatnið er grundvöllur lífs

Í ár eru 100 ár liðin frá stofnun vatnsveitu í Reykjavík. Því vill Orkuveita Reykjavíkur vekja athygli á nokkrum atriðum varðandi þessa mikilvægu auðlind. Sem kunnugt er snýst starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur að verulegu leyti um vatn. Kalt vatn til neyslu og brunavarna, heitt vatn til húshitunar og baða og gufu til framleiðslu á raforku og til húshitunar. Þá rekur Orkuveita Reykjavíkur fráveitukerfi sem þjóna meira en helmingi landsmanna.

Vatn er grundvöllur lífs og því einhver mikilvægasta auðlind mannkynsins. Þegar áhrif vatnsskorts víða um heim eru skoðuð kemur þetta mikilvægi berlega í ljós. Hér eru nokkrar staðreyndir um áhrif vatnsskorts og sjúkdóma honum tengdum.

- Á 15 sekúndna fresti deyr barn af völdum vatnstengdra sjúkdóma!
- 3.575 milljónir manna deyja árlega af völdum vatnstengdra sjúkdóma.
- 43% af vatnstengdum sjúkdómum tengjast niðurgangi.
- 84% af þeim sem deyja úr vatnstengdum sjúkdómum eru börn á aldri 0–14 ára.
- 98% af þeim sem deyja úr vatnstengdum sjúkdómum búa í vanþróuðum löndum.
- 885 milljónir manna skortir aðgang að hreinu vatni eða um einn af hverjum átta.
- Mannskjan getur lifað án matar í nokkrar vikur en án vatns deyr hún innan nokkurra daga!

Vatnsveitan í Reykjavík verður 100 ára sumarið 2009. Hún olli byltingu í heilsufari og hreinlæti í borginni en árin á undan hafði taugaveiki skotið reglulega upp kollinum vegna mengaðra vatnsbóla borgarbúa.



OR fagnar stóreflingu jarðhitarannsóknna

Orkuveita Reykjavíkur, sem er stærsta fyrirtæki í jarðhitanýtingu á Íslandi, óskar vísindafólki á því sviði til hamingju með þann áfanga að stjórn Rannsóknasjóðs hefur ákveðið að verja allt að 70 milljónum króna á ári, næstu sjö árin, til Alþjóðlegs rannsóknaklasa í jarðhita. Orkuveita Reykjavíkur á aðild að klasanum, sem unnið hefur verið að undir stjórn dr. Sigurðar Magnúsar Garðarssonar, prófessors við Háskóla Íslands. Auk þess að reka eigin rannsóknadeild rekur Orkuveita Reykjavíkur Umhverfis- og orkurannsóknasjóð í samstarfi við alla Háskóla á Íslandi og alþjóðlega Orkusólann REYST í samstarfi við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík.

Tilkynnt hefur verið um fyrstu úthlutun styrkja úr nýrri markáætlun Vísinda- og tækniráðs og hlaut jarðhitaklasinn hæstan styrk. Áætlunin um klasann gengur út á að auka rannsóknir og þróun á sjálfbærri jarðhitaorku og stuðla þannig að því að jarðhiti verði mikilvægt framlag til minnkunar notkunar jarðefnaeldsneytis. Höfuðmarkmið hans eru að:

- Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu með því að þróa sjálfbæra nýtingu á jarðhitaauðlindinni.
- Gera Ísland að fyrirmynd sem nánast orkusjálfbært þjóðfélag með nær enga losun gróðurhúsalofttegunda.
- Skapa grundvöll fyrir nýsköpun og útrás íslenskra fyrirtækja í jarðhita og menntun, bæði fyrir þátttakendur klasans og með því að skapa frjótt umhverfi innanlands og með alþjóðlegum tengingum.

Auk eigin rannsókna leggur Orkuveita Reykjavíkur þessum markmiðum lið einkum með tvennum hætti:

Orkusólann REYST. Í honum er boðið upp á meistaranám á háskólastigi í orkuvísindum, með áherslu á þrjár menntaleiðir; jarðvísindaleið, viðskiptaleið og verkfræðileið. Nú stunda 13 nemendur frá sjö löndum nám við skólann. Nánari upplýsingar á vefsíðu REYST, www.reyst.is. Þá á Orkuveita Reykjavíkur mikið samstarf við alla háskóla á landinu í gegnum Umhverfis- og orkurannsóknarsjóð Orkuveitu Reykjavíkur. **Sjá nánar: <http://www.or.is/UmOR/UOOR/Umsjodinn/>**



Víðtækt aðhald í rekstri Orkuveitu Reykjavíkur

Hjörleifur B. Kvaran, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, kynnti starfsfólki fyrirtækisins á dögnum víðtækar aðhaldsaðgerðir í rekstri Orkuveitunnar og dótturfélaga hennar. Gripið er til þeirra vegna áhrifa efnahagskreppunnar á tekjur fyrirtækisins og gjöld. Áhersla er lögð á verja grunnþjónustu fyrirtækisins og störf starfsfólks. Aðgerðirnar fela meðal annars í sér almennar launabreytingar þar sem laun stjórnenda lækka mest en laun undir 300 þúsundum á mánuði skerðast ekki.

Ákvörðun þessi er tímabundin og fundað hefur verið með forsvarsfólki stéttarféлага starfsmanna vegna hennar.

Efnahagsástandið hefur haft þau áhrif á rekstur Orkuveitu Reykjavíkur að tekjur hafa minnkað og útgjöld vegna aðfanga hafa aukist. Stjórn fyrirtækisins ákvað við gerð fjárhagsáætlunar yfirstandandi árs að endurskoða hana í síðasta mánuði. Þeirri endurskoðun er lokið og felur hún í sér að gripið er til sparnaðar á öllum sviðum rekstursins. Starfsfólk verður virkjað á næstu vikum til þátttöku í aðhaldsaðgerðunum.

Einn þáttur sparnaðarinnar er lækkingun launakostnaðar. Hæstu launin munu lækka mest en lægstu launin munu ekki lækka. Í samræmi við almennt samkomulag á vinnumarkaði munu launahækkanir, sem ráðgerðar voru 1. mars, ekki koma til framkvæmda. Þá verða samningar um föst laun yfir 300 þúsund krónum á mánuði endurskoðaðir. Unnið er að endurskoðun samninga um föst laun í því skyni að ná fram ráðgerðum sparnaði. Þá er áformað að lækka laun stjórnarmanna OR.

Stöðugt er unnið að umbótaverkefnum hjá fyrirtækinu í því skyni að efla þjónustu þess og lækka kostnað. Nokkur slík verkefni hafa borið talsverðan árangur á síðustu vikum og mánuðum. Nú er sérstakt átak fram undan í því skyni að ná auknum árangri. Starfsfólk verður virkjað í því að koma auga á úrbótaleiðir í rekstrinum.



Hellisheiðaræð grafin niður

Framleiðsla á heitu vatni frá Hellisheiðarvirkjun hefst síðla næsta árs, ef allar áætlanir ganga eftir.

Í Hellisheiðarvirkjun er ætlað er að byggja rafstöð sem framleiðir 300 MWe af rafmagni og varmastöð sem afkastar allt að 400 MWth. Markmið virkjunarinnar er að mæta aukinni eftirspurn atvinnuvega og almennings eftir raforku og varma. 90 MWe rafstöð var gangsett haustið 2006 og 33 MWe lágþrýstivél gangsett í nóvember 2007. Þá voru tvær 45 MW rafstöðvar teknar í notkun síðla árs 2008. Raforkan frá Hellisheiðarvirkjun fer í gegnum tengivirki Landsnets á 220 kV spennu inná háspennulínu, sem liggur um framkvæmdasvæðið. Áætluð leið hitaveituæðar frá virkjuninni mun liggja um land Ölfuss, Mosfellsbæjar og Reykjavíkur að geymum Orkuveitunnar á Reynisvatnsheiði.

Hitaveituæðin er um 18,5 km löng. Lögnin er úr foreinangruðum stál-pípum, sem eru 900 og 1.000 mm í þvermál. Utan um pípurnar er plasteinangrun, sem er 1.100 og 1.200 mm í þvermál.

Fyrstu pípurnar komu til landsins um páskana 2008 og hófust framkvæmdir í kjölfarið á því. Jafnframt sér verktakinn um að leggja kalda vatnslögn úr 900 mm steypujárnsþípum frá Engidal að Hellisheiðarvirkjun alls um 5 km leið.

Verktaki er Klæðning hf. Áætluð verklok samkvæmt verksamningi eru 1. desember 2009.



Þjónustufyrirtækið OR:

Unnið samkvæmt ítarlegri þjónustustefnu

Þegar við greinum frá því fyrir hvað Orkuveita Reykjavíkur stendur segjum við að fyrirtækið sé hátæknifyrirtæki sem sjái rúmlega helmingi þjóðarinnar fyrir húshitun með jarðvarma, drykkjarvatni, rafmagni og fráveitu. Við þetta starfa um 670 starfsmenn í margvíslegum störfum, svo sem við öflun og dreifingu orku og vatns. Orkuveita Reykjavíkur er hins vegar ekki síður þjónustufyrirtæki sem leggur metnað sinni í að veita viðskiptavinum sínum sem besta mögulega þjónustu með sem hagkvæmstum hætti fyrir viðskiptavinum sína og fyrirtækið sjálft.

Það er ánægjulegt að mjög margir viðskiptavinir OR hafa samband við fyrirtækið með einhverjum hætti á ári hverju. Í þjónustukönnun sem framkvæmd var í janúar á þessu ári kemur í ljós að 21,7% aðspurðra hafa heimsótt fyrirtækið á sl. 12 mánuðum og 29,8% hafa farið inn á vef OR á sama tíma. Í sömu könnun kemur einnig í ljós að 38,1% viðskiptavina okkar hafa orðið vör við framkvæmdir á vegum fyrirtækisins undanfarna 12 mánuði. Í ljósi þessa er alveg ljóst að almennir þjónustubættir eins og viðmót, áreiðanleiki, þekking, úrlausn mála og tímasetningar hafa mikil áhrif á upplifun viðskiptavina á þjónustu okkar og ímynd. Það er því metnaður okkar að leggja áherslu á þessa þætti nú sem áður.

Í september á síðasta ári var þjónustustefna innleidd hjá fyrirtækinu auk þess sem þjónustustjóri var ráðinn til starfa. Að gerð stefnunnar kom hópur starfsmanna og ráðgjafi. Þjónustustjóri starfar á gæða-, umhverfis- og öryggissviði OR og er hlutverk hans að vera ráðgefandi í þjónustumálum innan fyrirtækisins og fylgja eftir þjónustustefnu þess. Þjónustustjóri fylgist með að þjónusta sé veitt með þeim hætti að væntingar viðskiptavina séu uppfylltir og gerir þjónustukannanir



til fylgjast með að svo sé. Í innleiðingarferli þjónustustefnunnar sóttu starfsmenn fyrirlestra og haldin voru námskeið fyrir starfsmenn á þjónustusviði. Í kjölfarið fóru starfsmenn fyrirtækisins í greiningarvinnu innan deilda og settu sér markmið í þjónustumálum fyrir komandi ár.

Þetta hefur verið afar ánægjulegt ferli og starfsmenn hafa unnið að innleiðingu þess af heilum hug. Þeir munu leggja metnað sinn í að veita viðskiptavinum OR sem besta mögulega þjónustu þar sem gildi veitunnar, traust, sveigjanleiki, heiðarleiki og eldmóður eru höfð að leiðarljósi.

Vissir þú að ... ?

Lítill hluti orkunnar hefur verið nýttur. Á Íslandi hafa um 40% efnahagslega hagkvæmra orkukosta í vatnsafla þegar verið virkjuð. Í löndum á borð við Noreg, Svíþjóð, Finnland, Frakkland, Spán, Sviss, Austurríki og Ítalíu er þessi tala á bilinu 70–90%. Hér hafa 20% orkukosta í jarðvarma verið virkjuð og er þá ekki tekið tillit til hugsanlega stórauðinnar orkugetu með djúpborunum.

Mjög stór hluti Íslands er verndaður. Nú þegar hafa um 20% af flatarmáli Íslands verið friðlýst. Hækka má þessa tölu í 30–40% ef t.d. eru talin með svæði á náttúruuminjaskrá og vatnsverndarsvæði Mývatns. Á sama tíma er þessi tala um 10% í Svíþjóð og Finnlandi en stefnan í báðum löndum hefur verið tekin á 15%.

Hátt hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa. Hér á landi teljast um 80% allrar frumorkunotkunar til endurnýjanlegrar orku. Til samantburðar má nefna að meðaltalið innan ESB er 8,5%, en markmiðið er að ná þeirri tölu upp í 20% árið 2020. Ný ríkisstjórn Bandaríkjanna hefur sett stefnuna á að þar verði þetta hlutfall 10% árið 2012, en nú er hlutfallið þar um 5%.

Ágæt arðsemi. Flest undanfarin ár hefur arðsemi af orkusölu til stóriðju verið góð. Árið 2008 er hins vegar, hjá orkufyrirtækjum líkt og flestum öðrum fyrirtækjum, mjög sérstakt í þessu sambandi. Mikil gengislækkun krónunnar hefur haft mikil áhrif á efnahagsreikninga margra fyrirtækja og þá lækkaði álverð mikið á alþjóðlegum mörkuðum síðari hluta ársins, líkt og margar aðrar afurðir og vörur (svo sem olía, fiskur, stál). Afkoman var því yfirleitt ekki góð árið 2008 en þrátt fyrir áföllin eru þessi fyrirtæki, orkufyrirtækin og stóriðjan, þó enn að og framleiða verðmæti fyrir íslenskt þjóðarþú.

Lágt raforkuverð til heimila. Um 80% raforkunnar hér á landi fara til stóriðju. Raforkuverð til heimila er mun lægra hérlendis en í flestum okkar nágrennalöndum. Þannig kostar meðalheimilisnotkun á rafmagni í Reykjavík einungis um fjórðung af því sem hún kostar í Kaupmannahöfn. Enn fremur hefur raunverð á raforku árum saman farið lækkanði hér á landi, að teknu tilliti til þróunar vísitölu verðlags.

Lægra verð til stærstu viðskiptavinnanna. Stærstu viðskiptavinirnir, stóriðjufyrirtækin, greiða að sjálfsögðu lægra verð en þeir sem kaupa margfalt minna magn, líkt og gildir um flestar tegundir viðskipta. Raforka er ekki geymd á lager, hana þarf að nýta samtímis framleiðslu. Fyrirtæki í stóriðju eru skuldbundin til að kaupa sama mikla magnið allan sólarhringinn alla daga ársins. Slíkir samningar eru afar mikils virði fyrir raforkufyrirtækin og forsenda fjárfestinga og uppbyggingar sem nýtist öðrum viðskiptavinum. Þá taka þessi fyrirtæki við raforkunni beint af flutningskerfinu og greiða því sjálf eigin dreifingarkostnað, sem annars er alla jafna a.m.k. þriðjungur raforkuverðs.

Erlend fjárfesting einkum í stóriðju. Bein erlend fjárfesting í íslensku atvinnulífi hefur að langmestu leyti verið í stóriðju. Þetta kemur skýrt fram í gögnum Seðlabankans. Bankinn heldur yfirlit yfir fjármunaeign erlendra aðila í íslensku atvinnulífi (hlutabréfaeign erlendra aðila í íslenskum félögum þar meðtalin) og þar er stóriðjan langumfangsmest, ef undan eru skildar fjárfestingar eignarhaldsfélaga, sem skráð voru erlendis, í íslenskum bönkum á árunum 2005–2007 (nýjustu tölur Seðlabankans). Sú þróun mun hafa haldið eitthvað áfram árið 2008, en því miður stendur ekki mikið eftir í dag af þeim fjárhæðum sem þarna mældust af hálfu fjármálaþjónustunnar. Í árslok 2007 var hlutur stóriðju um 50% af erlendra fjármunaeign í íslensku atvinnulífi, ef hlutur fjármálaþjónustu er ekki með talinn.

Lítið brot af veltu bankanna. Við falla bankanna sl. haust námu erlendar skuldir þeirra um 9.500 milljörðum króna. Á árunum 2001–2008 námu fjárfestingar í stóriðju um 185 milljörðum króna en fjárfestingar orku- og veitufyrirtækja (að vatns-, hita- og fráveitum meðtöldum) alls 354 milljörðum. Í dag eru síðarnefndu fjárfestingarnar grundvöllur að verðmætasköpun og grunnþjónustu við borgarana. Því miður verður það ekki sagt um mikið af þessu lánsfé bankanna.

Vel launuð störf í stóriðju og hjá orkufyrirtækjum. Fyrir liggur að meðallaun hjá hvoru tveggja, stóriðjufyrirtækjum og orkufyrirtækjum, eru mun hærra en meðallaun í samfélaginu almennt.

Uppgræðsla á framkvæmda- og rofsvæðum

Á Helligheiði fer fram uppgræðsla á svæðum sem raskast hafa vegna framkvæmda, en einnig fer fram uppgræðsla á rofi sem myndast hefur af náttúrulegum orsökum. Markmið þessara aðgerða er að mynda náttúrulega gróðurþekju staðargróðurs á uppgræðslusvæðunum.

Áburður og grasfræ voru valin í samráði við Landbúnaðarháskóla Íslands, en valdar voru tegundir sem þegar vaxa á svæðinu. Sérfræðingar LBHÍ voru starfsfólki Orkuveitu Reykjavíkur innan handar varðandi verklag við sáninguna og hvaða magn af áburði og grasfræi ætti að nota á hvern hektara.

Sumarið 2007 voru græddir upp 35,5 ha með handsáningu, en 76 ha með hand- og vélsáningu sumarið 2008. Efnið sem notað var til uppgræðslu var kjötmjöl, hrossatað, tilbúinn áburður og grasfræ. Alls hafa verið notuð meira en 130 tonn af fræi og áburði á Helligheiði árin 2007 og 2008. Sumarið 2008 var ákveðið að gera tilraunir með ýmiss konar sáningu í vegfláa og önnur stærri rofsvæði. Notast var við sprautusáningu, dreifingu með mykjudreifara og dreifingu með stórum landgræðsludreifara. Sáð var í 34 ha með þessum hætti. Markmiðið með þessum sáningum er að staðargróður komi sér upp sem fyrst á svæðunum og voru tegundir grasfræs sérstaklega valdar og áburðarmagni stillt í hóf. Fylgst verður nákvæmlega með þessum sáningum á næstu árum og standa vonir til að með þessum aðferðum finnist leið til að ná fram staðargróðri með einföldum og ódýrum aðferðum.

Rannsóknir á því hvers konar dreifing hentar best á hverjum stað fara fram á stórum tilraunareitum.

Næstu ár munu leiða í ljós hvaða aðferð hentar best til að ná fram náttúrulegri gróðurþekju.

Helligheiði er í raun einn stór tilraunareitur þar sem reynt er að finna út hvaða leiðir henta best til að skapa náttúrulega ásýnd á röskuðum framkvæmda svæðum.

Fræblandan sem notuð er á Helligheiði

Túnvingull (*Festuca rubra*), Sauðvingull (*Festuca ovina*) Vallarsveif-gras (*Poa pratensis*), Rýgresi (*Lolium multiflorum*)



Notaðar voru mismunandi aðferðir við að græða upp vegkanta. Gerð var tilraun með að nota sprautusáningu við að dreifa kjötmjöli í ógróin svæði. Gafst sú aðferð mjög vel, dreifing varð jöfn og vöxtur sáðgresisins góður.



Gerðar voru tilraunir á mismunandi dreifingar aðferðum í vegfláa. Hér hefur kjötmjöli og hrossataði verið dreift í stóran reit í vegkant Gígahnúksveggar á Helligheiði.

Við grassáningu með handafli var jarðvegurinn ýfður upp með hrífum, áburði og grasfræi dreift yfir svæðið og síðan rakað yfir. Með þessu verklagi er grasfræið fellt niður í jarðveginn og spírur verður oft betri.



Vel heppnuð uppgræðsla á nokkrum svæðum. Markmiðið með mismunandi uppgræðsluaðferðum er að finna leiðir sem henta best til að ná fram náttúrulegri gróðurþekju með tímanum.

Tært, kalt, ferskt

Vatn er undirstaða lífsins. Einungis 1% af vatni á jörðinni er ferskvatn, aðgengilegt mönnum og dýrum til neyslu. Íslendingar njóta þeirra forréttinda að geta neytt ómengaðs vatns nær takmarkalaust. Orkuveita Reykjavíkur starfrækir stærstu vatnsveitu landsins sem þjónar um helmingi Íslendinga. Gott vatn er gulls ígildi. Njóttu þess að skrúfa frá!

